

Morgunblaðið/sisi

Suðurbugtin Starfsmenn áhaldahúss Faxaflóahafna vinna nú að því að gera veitingastaðinn Sægreifann fínan.

Sægreifinn fær andlitslyftingu

Nýlega var hafist handa við endurnýjun á verbúðunum í Gömlu höfninni í Reykjavík. Þarna er til húsa veitingahúsið Sægreifinn, sem þekkt er orðið um allan heim. Skipt verður um þakjárn, enda farið að láta verulega á sjá. Einnig á að endurnýja þakgluggana.

Þessi hús ganga í daglegu tali undir nafninu verbúðirnar við Suðurbugt og standa við Geirsgötu. Þau voru reist á fjórða áratug síðustu aldar og eru í eigu Faxaflóahafna.

Upphaflega höfðu útgerðir og sjómenn þar aðsetur en hin síðari ár er að finna á svæðinu mörg vinsæl veitingahús. Verbúðirnar eru flestar málaðar í grænum, áberandi lit. Framkvæmdin er unnin af starfsmönnum áhaldahúss Faxaflóahafna.

Kjartan Halldórsson stofnaði fiskbúðina Sægreifann í verbúðunum árið 2003. Hann var lengi sjómaður en var nú kominn í land.

Ferðamenn fóru að venja komur sínar til hans í búðina í leit að góðum fiski og fljótlega hófu þeir að biðja Kjartan um að elda fyrir sig fiskinn. Hann beið ekki boðanna, keypti grill og hófst handa. Sægreifinn varð þannig fljótlega að vinsælum veitingastað og var þekktur víða um lönd.

Kjartan lagði alla tíð áherslu á að bjóða upp á nýjan fisk. Matseðillinn var þjóðlegur og humarsúpa staðarins var víðkunn. Hann seldi Sægreifann árið 2011.

Kjartan fæddist 1939 og lést árið 2015. *sisi@mbl.is*

Sjálfmenntaður fuglafræðingur

Heiður á degi íslenskrar náttúru

Ólafur Pálsson
olafur@mbl.is

Jóhann Óli Hilmarsson hlaut í gær Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti. Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, veitti Jóhanni Óla viðurkenninguna á degi íslenskrar náttúru en viðurkenningin var afhent í fimmtánda sinn.

Jóhann Óli er meðal helstu fuglavísindamanna og fuglaljósmyndara landsins. Hann var um árabil formaður Fuglaverndar og ljósmyndir hans hafa birst víða um heim. Hann er höfundur bókanna Lundinn og Íslenskur fuglavísir, sem hafa komið út í yfir 40.000 eintökum víða um heim. Auk þess hefur birst eftir hann fjöldi greina í blöðum og tímaritum. Þá hefur hann barist ötullega fyrir friðun og endurheimt votlendis og átti meðal annars stóran þátt í því að Friðland í Flóa varð að veruleika.

Jóhann Óli hefur frá unga aldri haft mikinn áhuga á fuglalífi og er sjálfmenntaður en öflugur fuglafræðingur. Hann sat í stjórn Fuglaverndar um áratuga skeið, var formaður félagsins í vel yfir 20 ár og hefur átt stóran þátt í að gera Fuglavernd að því öfluga náttúruverndarfélagi sem það er í dag. Síðastliðinn 10-15 ár hefur Jóhann Óli starfað við fuglaleiðsögn fyrir íslenska og erlenda fuglaáhugamenn og hefur auk þess farið með hópa í fuglaskoðunarferðir til Evrópu og Austurlanda, sem og ferðast víða og breitt um heiminn á eigin vegum til að skoða fugla.

Haft er eftir Guðlaugi Þór í tilkynningu að það hafi verið honum ánægjulegt að afhenda Jóhanni Óla viðurkenninguna. Hann sé vel þekktur meðal almennings sem einn okkar helsti fræðari og sérfræðingur um allt sem viðkemur fuglum og fuglalífi. „Það er mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að eiga fólk sem af hugsjón og ástríðu fylgist með fuglunum og fræðir okkur hin um þá," er haft eftir Guðlaugi Þór Þórðarsyni í tilkynningunni.



Ljósmynd/Stjórnarráðið

Náttúruvernd Jóhann Óli Hilmarsson ásamt Guðlaugi Þór ráðherra.



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Lágverðsverslun Stefnan er að vera alltaf með lægsta verðið á markaðnum.

Hillurnar í Prís ekki lengur tómar

Með lægsta verð í 97% tilvika

„Það hefur gengið mjög vel, við erum þakklát fyrir viðtökurnar og það er greinilegt að fólk vill samkeppni sem leiðir af sér lægra verð," segir Gréta María Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri lágverðsverslunarinnar Prís.



Gréta María Grétarsdóttir

Spurð hvort þau séu með lægsta verðið segir Gréta að svo sé og það hafi verðkannanir staðfest.

„Síðasta ASÍ-könnun sýndi að við erum með lægsta verðið í 97% tilfella, með 5-10% lægra verð en annars staðar."

Raðirnar ganga hraðar

Hún segir að það hafi í raun bara verið fyrstu dagana sem var röð út úr dyrum, erfitt að fá grindur og tómar hillur.

„Nú er komið gott jafnvægi og flæði í viðskiptin. Það er þægilegt andrúmsloft hjá okkur, nóg af vörum í hillunum og raðirnar ganga hratt þar sem við erum með marga sjálfsafgreiðslukassa. Svo eru margir byrjaðir að nota appið okkar þar sem fólkið skannar vörurnar beint í pokana."

Verðið ræður vali á birgjunum

Gréta María segir það stefnu Prís að vera alltaf með lægsta verðið. Til að ná því markmiði þurfi stundum að taka ákvörðun um að bjóða ekki upp á vöruna. Hún segir að þeir birgjar sem völdu að vinna með þeim hafi staðið við sitt.

„Þegar fólk kemur í búðina og finnur ekki ákveðnar vörur þá er það vegna þess að við höfum ekki fengið samkeppnishæft verð frá þeim birgjum."

Spurð hvort þau leggi áherslu á íslenska framleiðslu í versluninni segir Gréta María að stór hluti vöruúrvalsins sé íslenskur.

„Við erum með mjólkurvörur, kjöt og fisk eins og boðið er upp á í öðrum verslunum."

Stendur til að opna á fleiri stöðum?

„Það verður tíminn að leiða í ljós og ef viðtökurnar halda áfram að vera svona góðar, þá kemur að því," segir Gréta María. *oskar@mbl.is*

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 16. september 2024, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. september 2024 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 16. september 2024, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hlutalaunakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafamarkaðsleyfis, veiðigjaldi, kílómetragjaldi vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtuskuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda. Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er 13 þúsund kr. fyrir hvert fjárnám. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað. Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á aðskráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 17. september 2024

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum